



HÉRAÐSDÓMUR  
REYKJANESS

D Ó M U R

28. júní 2018

Mál nr. E-671/2017:

Stefnandi: A ehf.

*(Friðrik Árni Friðriksson lögmaður)*

Stefndi: B ehf.

*(Gestur Jónsson lögmaður)*

Dómari: Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari

# D Ó M U R

**Héraðsdóms Reykjaness 28. júní 2018 í máli nr. E-671/2017:**

**A ehf.**

*(Friðrik Árni Friðriksson lögmaður)*

**gegn**

**B ehf.**

*(Gestur Jónsson lögmaður)*

Mál þetta var höfðað 22. júní 2017 og dómtekið 7. júní 2018. Stefnandi er A ehf., [...], Kópavogi. Stefndi er B ehf., [...], Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 15.000.000 króna með vöxtum skv. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 19. ágúst 2014 til 15. júlí 2016, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er gerð krafa um málskostnað.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

## I.

Ágreiningur er um málsatvik. Fyrir liggur að C lögmaður, og varamaður í stjórn stefnda, annaðist hagsmunagæslu fyrir fyrirsvarsmann stefnanda, D, og félög hennar um árabíl, eða frá árinu 2005 og til ársloka 2015. Hinn 19. ágúst 2014 lánaði stefnandi stefnda 15.000.000 króna og var sú fjárhæð millifærð inn á reikning stefnda samdægurs. Stefnandi kveður að lánið hafi verið veitt að beiðni C. Hún hafi útbúið drög að samningi um lánið en fyrirsvarsmaður stefnanda hafi ekki verið reiðubúinn til að ganga að skilmálum í sammingsdrögunum og því hafi ekki verið gengið frá skriflegum samningi um lánið. Í apríl hafi lánið enn verið óuppgert af hálfu stefnda og hafi stefnandi með bréfi 11. apríl 2016 gert kröfu um að stefndi endurgreiddi lánið fyrir 15. júlí 2016. Stefnandi hafi ítrekað áskorunina með tölvuskeyti lögmanns stefnanda 16. ágúst 2016, en stefndi hafi hafnað greiðsluskyldu með bréfi 22. ágúst 2016.

Í framangreindu svarbréfi stefnda frá 22. ágúst 2016 sagði að lögmaður stefnanda virtist ekki hafa upplýsingar um lánsamning sem gerður hefði verið milli aðila árið 2014, skilmálabreytingu sem hafi verið gerð í desember 2015 og uppgjör aðila í sama mánuði, en samkvæmt þeim gögnum væri stefndi ekki í neinni skuld við stefnanda.

Fyrir liggur að hinn 4. október 2016 funduðu lögmennt aðila vegna umrædds láns. Í framhaldi af fundinum ritaði lögmaður stefnanda bréf til stefnda, dags. 25.

október 2016, þar sem sagði að lögmaður stefnda hefði sýnt lögmanni stefnanda skjal sem hefði borið með sér að krafan hefði verið uppgreidd í lok árs 2015. Einnig hefði komið fram á fundinum að stefnandi hefði ekki veitt lögmanninum heimild til þess að láta lögmanni stefnanda í té afrit. Lögmaður stefnanda hefði farið yfir þetta með umbjóðanda sínum, D, og kynnt henni þetta. Hún hafi sagt að hún hefði verið alvarlega veik í lok síðasta árs og C hefði verið það ljóst. Einnig sagði í bréfi lögmannsins að D minntist þess ekki að uppgjör hefði farið fram á skuld stefnda við stefnanda og væri því óskað eftir afriti af þessum gögnum. Stefndi mun ekki hafa brugðist við þeirri beiðni.

Stefnandi ítrekaði greiðsluáskorun sína á hendur stefnda með bréfi 11. janúar 2017. Í bréfinu var áréttað að lögmaður stefnda hefði á fundi 4. október 2016 sýnt lögmanni stefnanda skjal með áritun sem hafi borið með sér að krafan hefði verið greidd í lok ársins 2015, en lögmaður stefnanda hefði ekki haft heimild til að afhenda afrit af skjalinu. Þá sagði í bréfinu að stefnandi drægi efni og gildi skjalsins í efa. Frekari bréfasamskipti áttu sér stað milli lögmannna aðila en ekki er ástæða til að rekja þau hér.

Stefndi segir að allan tímann sem fyrirvarsmaður stefnda, C, hafi sinnt eignaumsýslu og ýmiss konar hagsmunagæslu fyrir fyrirvarsmann stefnanda, og félög hennar, hafi verið vinátta og fullkomið traust á milli þeirra og aldrei borið skugga á. Stefndi kveður að D hafi haft frumkvæði að því að lána stefnda fjárhæðina vegna fasteignakaupa stefnda og að D hafi lýst því yfir að fyrirvarsmenn stefnda skyldu ráða endurgreiðslufyrirkomulaginu. Gengið hafi verið frá lánessamningi nokkru síðar, dags. 1. september 2014. Þegar endurskoðandi stefnanda hafi kallað eftir gögnum vegna ársreiknings stefnanda árið 2014 hafi C sent honum óundirritað eintak af lánessamningnum þar sem D hafi verið fjarverandi. Skömmu síðar hafi lánessamningurinn verið undirritaður og hann vistaður í læstum skjalaskáp hjá D. Í árslok 2015 hafi samstarfi C og D lokið og við þau tímamót hafi aðilar þessa máls gert með sér samkomulag um viðauka/skilmálabreytingu á lánessamningnum frá 1. september 2014. Viðaukinn hafi verið undirritaður í tvíriti á fundi C, E, eiginmanns C, og D, hinn 22. desember 2015. Hvor aðili hafi haldið sínu eintaki. Við undirritun viðaukans hafi D lýst því yfir að hún ætlaðist ekki til þess að umrætt lán yrði nokkru sinni innheimt og því til staðfestingar hafi hún undirritað svofelldan texta sem C hafi handritað inn á sammingsviðaukann: „Skuld samkvæmt samningi þessum er að fullu uppperð með uppgjóri okkar á milli. Eftirstöðvar kr. 0.“ Undir þennan texta hafi verið ritað með eigin hendi: „D. 000000-0000.“

Við aðalmeðferð málsins gaf D, fyrirvarsmaður stefnanda, aðilaskýrslu. Þá gáfu aðilaskýrslu C og E. Einnig gáfu skýrslu fyrir dómi vitnin F læknir, G bókarari og

H, löggiltur endurskoðandi. Verður vísað til framburðar þeirra síðar eftir því sem ástæða er til.

## II.

Stefnandi byggir á því í stefnu málsins að stefnda beri að endurgreiða stefnanda 15.000.000 króna sem stefnandi hafi lánað stefnda hinn 19. ágúst 2014, en fjárhæðin hafi verið millifærð af reikningi stefnanda inn á reikning stefnda þann dag. Ekki hafi verið samið um sérstakan gjalddaga á láninu. Lánsskuld stefnda hafi því verið gjaldkræf þegar krafa um endurgreiðslu hafi verið sett fram með bréfi stefnanda 11. apríl 2016. Krafan sé enn ógreidd og hafi innheimtutilraunir ekki borið árangur. Beri stefnda að endurgreiða stefnanda umrætt lán að fullu á grundvelli almennra reglna kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga, ásamt vöxtum og dráttarvöxtum.

Stefnandi kveðst ekki kannast við að gengið hafi verið frá skriflegum samningi um fyrrgreint lán til stefnda. Aldrei hafi verið gengið frá þeim samningsdrögum sem C hafi tekið saman. Ófrágengin samningsdrög séu réttarsambandi aðila með öllu óviðkomandi.

Stefnandi hafnar því sem röngu og ósönnuðu að umrætt lán hafi verið gert upp á einhverjum tímavæðingum eða að ótilgreind „skilmálabreyting“ hafi verið gerð varðandi lánið. Stefndi hafi ekki sinnt ítrekuðum óskum stefnanda um að afhenda gögn sem stefndi staðhæfir að séu til og varpi ljósi á meint uppgjör lánsins. Sú staðreynd gefi ein og sér tilefni til að efast um tilvist og réttmæti umræddra gagna og að hið ætlaða uppgjör á láninu hafi í raun farið fram. Stefndi beri sönnunarbyrði fyrir því að lánsskuldin hafi verið gerð upp í heild eða að hluta en stefnandi telur að þá byrði hafi stefndi ekki axlað. Beri því að taka kröfu stefnanda til greina.

Stefnandi gerir kröfu um almenna vexti af stefnukröfu samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Réttur stefnanda til vaxta leiði af almennum reglum kröfuréttar og venju, sbr. 3. gr. laganna. Upphafstími vaxta miðist við stofndag kröfunnar 19. ágúst 2014, eða þann dag er lánsfjárhæðin var millifærð til stefnda. Að auki er krafist dráttarvaxta af stefnukröfu samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga og miðast upphafstími dráttarvaxta við 15. júlí 2016, sbr. 3. mgr. 5. gr. fyrrgreindra laga.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra reglna um efndir fjárskuldbindinga og skuldbindingargildi samninga. Krafa um almenna vexti byggist á 3. og 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Dráttarvaxtakrafa styðst við 3. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. sömu laga. Einnig er vísað til 11. og 12. gr. síðastnefndra laga.

Krafa um málskostnað byggist á 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

## III.

Stefndi kveður að óumdeilt sé að stefnandi hafi lánað stefnda 15.000.000 króna. Stefndi mótmælir hins vegar fullyrðingum stefnanda um að ekki hafi verið

gengið frá skriflegum samningi um lánið og að ekki hafi verið samið um gjalddaga á láninu, engin „skilmálabreyting“ hafi verið gerð og að krafan hafi aldrei verið gefin eftir.

Stefndi byggir á því að viðauki frá 22. desember 2015, við lánssamninginn frá 1. september 2014, hafi verið undirritaður af D, f.h. stefnanda. Í yfirskrift viðaukans komi fram að samningsaðilarnir, stefnandi og stefndi, gerðu með sér lánssamning 1. september 2014 um 15.000.000 króna. Skjalið hafi verið undirritað af stefnanda málsins. Í því felist full sönnun þess að stefnandi fari með rangt mál þegar hann fullyrði að aldrei hafi verið gerður samningur um lán á 15 milljónum króna frá stefnanda til stefnda. Með sama hætti sé skjalið full sönnun þess að við lánveitinguna 2014 hafi verið samið um vexti og gjalddaga lánsins og þeim skilmálum verið breytt með viðaukanum í desember 2015. Loks sé skjalið sönnun þess að stefnandi hafi lýst því yfir með áritun á viðaukann að lánið væri að fullu uppgert og eftirstöðvar þess væru engar. Þar með hafi kröfuréttarsambandið verið úr sögunni.

Stefndi vísar til þess að hann hafi lagt fram í málinu samandreginn ársreikning stefnanda fyrir árin 2014 og 2015 ásamt upplýsingum með ársreikningi. Um sé að ræða gögn sem stefnandi hafi afhent ríkisskattstjóra samkvæmt lagaskyldu. Af þeim sjáist að D sé eini eigandi stefnanda.

Í ársreikningnum fyrir 2014 sé tilgreind skuldabréfaeign félagsins og aðrar langtímakröfur. Fjárhæðin sé 15.050.000 krónur. Samkvæmt lánssamningnum frá 1. september 2014 hafi höfuðstóll skuldarinnar verið 15.000.000 króna. Vextir skyldu vera 1% ári á ári. Vaxtatímabilið árið 2014 hafi verið frá 1. september til áramóta, þ.e. frá undirritun lánssamningsins 1. september 2014 til ársloka. Vaxtatímabilið hafi því verið fjórir mánuðir. Vextir ársins 2014 reiknist svo:  $15 \text{ m.kr.} \times 1/100 \times 4/12 = 50.000$  krónur. Birt staða lánssamningsins í ársreikningi stefnanda, 15.050.000 krónur, sé því í samræmi við ákvæði lánssamningsins. Staðan sem tilfærð sé í ársreikningnum sé í samræmi við skýringu á liðnum langtímaskuldir þar sem fram komi að vaxtagjöld séu færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra.

Þá sé í ársreikningnum fyrir 2015 staðfest að staða lánssamningsins í árslok 2014 hafi verið 15.050.000 krónur. Uppreiknuð staða lánsins í lok árs 2015 sjáist ekki af reikningnum þar sem lánssamningurinn sem hér um ræðir sé einungis hluti langtímaskuldbindinganna sem séu birtar án sundurgreiningar.

Af hálfu stefnda er byggt á því að upplýsingarnar um stöðu lánssamningsins sem birtast í ársreikningnum stefnanda 2014 og 2015 sanni að lánssamningur þess efnis sem fram kemur, dags. 22. desember 2015, hafi verið í gildi milli aðila og vaxtakjör hafi verið þau sem þar koma fram. Það hafi stefnandi staðfest í skjölum sem hann hafi lagt fram samkvæmt lagaskyldu til opinberra aðila.

Þá segir stefndi að C kannist ekki við að hafa mótttekið bréfið frá 11. apríl 2016 og þýðing skjalsins sé því engin.

Í tölvupósti frá 17. maí 2016 til C frá I, núverandi eiginmanni D, sem hann hafi sent f.h. stefnanda, sé staðfest að lánið sem var veitt stefnda hafi átt sér stað í tengslum við fasteignarkaup. Þessi skýring sé í samræmi við lýsingu C.

Stefndi byggir á því að fyrirbyggjandi gögn sanni að kröfuréttarsambandi sem stofnaðist við lánveitinguna sé lokið. Því beri að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda og dæma stefnanda til greiðslu málskostnaðar.

Um lagarök vísar stefndi til almennra reglna kröfuréttar, m.a. um lok kröfuréttinda, laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Krafa um málskostnað er byggð á ákvæðum XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

#### IV.

Í máli þessu krefst stefnandi þess að stefndi endurgreiði sér 15.000.000 króna sem stefnandi lánaði stefnda 19. ágúst 2014. Óumdeilt er að stefnandi veitti stefnda lánið og að ekki var þá ákveðinn gjalddagi á láninu. Á þessum tíma hafði fyrirvarsmaður stefnda sinnt eignaumsýslu og ýmiss konar hagsmunagæslu sem lögmaður fyrir fyrirvarsmann stefnanda og félög í hennar eigu frá árinu 2005 og virðist samstarf þeirra hafa verið farsælt og með þeim mikill vinskapur.

Fyrir liggur óundirritaður lánssamningur, dags. 1. september 2014, um lán stefnanda til stefnda að fjárhæð 15.000.000 króna, þar sem fram kemur að gjalddagi lánsins væri 1. október 2019. Enn fremur liggur fyrir viðauki/skilmálabreyting við framangreindan lánssamning, sem er dagsettur 22. desember 2015, en á þeim tíma lauk samstarfi fyrirvarsmanns stefnanda og fyrirvarsmanns stefnda. Í viðaukanum/skilmálabreytingunni segir að skilmálum lánssamnings frá 1. september 2014 væri breytt um vexti og endurgreiðslu, en stefndi skyldi greiða lánið með 40 jöfnum afborgunum á eins árs fresti, fyrst 1. júlí 2026. Undir þetta var ritað: D f.h. stefnanda og E f.h. stefnda. Vitundarvottur var C lögmaður. Á skjalið var síðan handritað neðst: „Skuld samkvæmt samningi þessum er að fullu uppgerð með uppgjöri okkar á milli. Eftirstöðvar kr. 0.“ Við þetta er undirskriftin: „D 000000-0000.“ Með vísan til þessa krefst stefndi sýknu af kröfum stefnanda enda sé kröfuréttarsambandi þeirra lokið.

Í þinghaldi 22. febrúar 2018 lagði stefnandi fram bókun í tilefni af framangreindum vörnum stefnda. Þar kveðst stefnandi mótmæla því að stefnukrafa málsins hafi verið gerð upp með einhverjum hætti og að fyrirvarsmaður stefnanda kannist ekki við áritun á lánssamninginn um að skuld hafi verið að fullu upp gerð. Fyrirvarsmaður stefnanda kannist ekki við að hafa samþykkt slíka áritun eða að hafa ritað nafn sitt við hana. Í öllu falli sé áritunin óskuldbindandi fyrir stefnanda þar sem

fyrirsvarsmaður stefnanda hafi á þessum tíma glímt við mikil og alvarleg veikindi, þ.e. verið með [...] á háu stigi. Telur stefnandi viðaukann/skilmálabreytinguna og eftirgjöf skuldarinnar ógilda, sbr. 31. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Einnig byggir stefnandi á ákvæði 33. gr. sömu laga, um að óheiðarlegt sé af stefnda að bera viðaukann/skilmálabreytinguna fyrir sig. Stefnandi byggir jafnframt á því að samkvæmt 36. gr. laganna beri að víkja samningnum til hliðar enda sé ósanngjarnt að stefndi beri hann fyrir sig. Telur stefnandi að um ólögmæta eða eftir atvikum refsiverða háttsemi hafi verið að ræða.

Af hálfu stefnda er því mótmælt að framangreindar málsástæður stefnanda um ógildingu viðaukans/skilmálabreytingarinnar frá 22. desember 2015 komist að í málinu, þar sem þær séu of seint fram komnar, sbr. 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt téðu ákvæði skulu málsástæður og mótmæli koma fram jafnskjótt og tilefni verður til. Að öðrum kosti má ekki taka slíkar yfirlýsingar til greina nema gagnaðili samþykki eða aðili hefur þarfnast leiðbeininga dómara en ekki fengið þær. Fram kemur í gögnum málsins að fyrir málshöfðun þessa var stefnanda fullkunnugt um tilvist umrædds viðauka/skilmálabreytingu frá 22. desember 2015 þar sem fram kemur að það væru engar eftirstöðvar af láninu. Var því ástæða fyrir stefnanda að fjalla um það í stefnu málsins að stefnandi teldi viðaukann/skilmálabreytinguna ekki hafa gildi. Þar sem hér er hins vegar fyrst og fremst um að ræða málsástæður sem varða varnir stefnda sem fram koma í greinargerð er hins vegar rétt að taka afstöðu til ógildingarástæðna stefnanda.

Stefnandi hefur lagt fram læknisvottorð [...], dags. 12. febrúar 2018, þar sem fram kemur að D hafi í október 2015 sótt [...]. Samkvæmt [...] hafi hún verið með [...] á háu stigi. [...]. Þá segir í vottorðinu að [...].

Einnig liggur fyrir vottorð [...] læknis, dags. 7. febrúar 2018, þar sem fram kemur að D væri með [...]. Á árinu 2015 hafi hún verið mikið veik af [...] og að hún hafi þurft mikið eftirlit og inngríp til þess að finna réttu lyfin og að bregðast við aukaverkunum af þeim.

Fyrir dómi sagði fyrirsvarsmaður stefnanda, D, að undirritun á viðaukann/skilmálabreytinguna frá 22. desember 2015 líti út eins og hennar undirritun en hún muni ekki eftir því að hafa skrifað undir hana. Stefnandi ber sönnunarbyrði fyrir því að D hafi ekki verið hæf til að rita undir viðaukann/skilmálabreytinguna og við áritunina um að eftirstöðvar skuldarinnar væru 0 kr. Samkvæmt framangreindum læknisvottorðum var hún með [...] en ekki verður dregin sú ályktun af vottorðunum að veikindi hennar hafi verið slík að hún hafi verið ófær um að taka skuldbindandi ákvarðanir. Hefur stefnandi ekki sýnt fram á að hún hafi verið svo [...] að viðaukinn/skilmálabreytingin og eftirgjöf skuldarinnar sé ekki skuldbindandi fyrir stefnanda. Þá hefur stefnandi ekki sérstaklega rökstutt af hverju það sé ósanngjarnt að

stefndi beri viðaukann/skilmálabreytinguna fyrir sig. Stefnandi hefur heldur ekki sýnt fram á að undirskrift D sé fölsuð, eins og ýjað hefur verið að af hálfu stefnanda, en fyrir því ber stefnandi sönnunarbyrði. Hefur stefnandi á engan hátt sýnt fram á að um ólögmeta eða refsiverða háttsemi hafi verið að ræða.

Með vísan til alls framangreinds getur stefnandi ekki borið fyrir sig að undirritun D um eftirgjöf lánsins skuldbindi ekki stefnanda, hvorki á grundvelli 31. gr., 33. gr. né 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Að þessu virtu og þar sem í viðauka/skilmálabreytingu, dags. 22. desember 2015, kemur fram að eftirstöðvar af umræddu láni eru 0 krónur, ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir þessum úrslitum og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað sem er hæfilega ákveðinn 900.000 krónur.

Dóm þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari.

#### **D ó m s o r ð:**

Stefndi, B ehf., er sýkn af kröfum stefnanda, A ehf.

Stefnandi greiði stefnda 900.000 krónur í málskostnað.

Sandra Baldvinsdóttir